

Sker verður einnig hótél



Samningur um kaup Sker Restaurant ehf. á efri hæð Ólafsbrautar 19 af fyrirtækinu Welcome Apartments ehf. hefur nú verið undirritaður. Veitingastaðurinn Sker Restaurant er á neðri hæð húsnæðisins en fyrirtækið ætlar að færa út kvíarnar og reka hótél samhliða veitingastaðnum. Hótelíð verður því ekki lengur staðsett beggja megin Ólafsbrautar og hótélgestir þjónustaðir í gegnum

veitingastaðinn. Þar munu hótélgestir einnig borða morgunmat og sækja aðra þjónustu. Arnar Laxdal Jóhannsson sem er einn nýrra rekstraraðila sagði í samtali við blaðamann að nýjar áherslur verða á rekstri hótelsins sem verða í takt við samfélagið og svæðið. Þau gera ráð fyrir að taka við rekstri hótelsins 1. maí en ætla eftir sumarið að fara í framkvæmdir á húsnæðinu.

JJ

Altarisganga á Jaðri



Sunnudaginn 6. apríl hélt Sr. Ægir Örn Sveinsson messu á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri. Viðburðurinn var opin öllum og var mæting mjög góð en rúmlega 50 manns sóttu athöfnina. Fermingarbörn lásu bænir og kórinn

leiddi söng í messunni. Gengið var til altaris í lok messunnar en það hefur ekki verið gert áður á Jaðri. Eftir messuna bauð dvalarheimilið upp á kaffi og konfekt. Vonir eru bundnar við að þetta verði árlegur viðburður.



www.hafkaup.is - Sími: 895-5525



STEBBI OG EYFI

Tónleikar Félagsheimilinu Klifi
Skírdag fimmtudaginn 17. apríl kl. 21:00

Forsala aðgöngumiða í Sjoppunni, sími 436-1012

Heppnir tónleikagestir fá gefins ljúffeng páskaegg frá GÓU en dregið verður úr seldum miðum.

Matarlist opnar í Ólafsvík

Benjamin Ondycz, eigandi veitingarstaðarins Matarlistar sem hann hefur starfrækt í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi ásamt fjölskyldu sinni hefur fest kaup á nýju húsnæði undir reksturinn. Beniamini festi kaup á húsnæðinu við Grundarbraut 2 en þar var áður veitingastaðurinn Reks. Til stendur að opna nýjan stað Matarlistar í nýju húsnæði þann 1. maí næstkomandi ef allt gengur upp en veitingastaður fjölskyldunnar í Þjóðgarðsmiðstöðinni mun halda sínu striki. Aðspurður segir Beniamin að þau hafi fest kaup á nýju húsnæði undir veitingastaðinn því hann sækist í það að stækka við sig og sinna krefjandi verkefni-

um. Þegar tækifærið að stækka reksturinn á Matarlist kom hugsaði hann sig ekki tvisvar um og greip það. Með opnun á nýjum stað Matarlistar í Ólafsvík verður breyting á matseðlinum en Beniamin sér fram á að stækka seðilinn en þó verður áfram áhersla á vandaða rétti úr ferskum hráefnum. Þá segist hann hlakka til að sýna íbúum og gestum Snæfellsness hvað hann hefur upp á að bjóða og hvað Matarlist þýði fyrir honum. Að lokum segist Beniamin hlakka til að taka á móti gestum á nýjum stað og mun hann gera sitt besta í að allir verði ánægðir með heimsóknina.

SJ



Vel heppnað Konukvöld



Laugardagskvöldið 5. apríl var gleði og gaman í Íþróttahúsinu í Ólafsvík þegar Konukvöld Ungmennafélags Víkings/Reynis var haldið í fyrsta sinn. Stjórn Ungmennafélagsins skipulagði mikla veislu fyrir konur á öllum aldri en um 80 konur komu þar saman. Júlí Heiðar og Dísá héldu stemmingunni gangandi allt kvöldið, dregnir voru út 50 veglegir happdrættisvinningar og styrkti Ísabella Una

Halldórsdóttir Ungmennafélagið um málverk sem var boðið upp og fór það fyrir 120 þúsund krónur. Stjórn UMF Víkings/Reynis á lof skilið fyrir vel heppnað kvöld en í stjórninni sitja Tinna Ýr Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri. Margrét Eva Einarsdóttir, formaður, Viktoría Kr Guðbjartsdóttir, gjaldkeri, Kristjana Pétursdóttir, ritari og Hjörtur Guðmundsson, meðstjórnandi.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Vantar túlipana fyrir páska?



Ekkert mál, við verðum:

14. apríl í Grundarfirði

15. apríl Ólafsvík, Ríf,
Hellissandi og Staðarsveit.

Hægt er að panta
í síma 8595710 og/eða
senda skilaboð í messenger.

Kveðja, Clemens

Sýning í Þjóðgarðsmiðstöðinni



Fimmtudaginn 27. mars opnaði sýning á verkum nemenda úr 7. og 8. bekk í Grunnskóla Snæfellsbæjar á vatnslitamyndum. Unnið var með hvernig Snæfellsjökull gæti hugsanlega litið út eftir 20 til 30 ár. Verkin voru unnin í tilefni alþjóðsárs jökla sem er núna 2025. Ragnhildur Sigurðardóttir, nýr Þjóðgarðsvörður Snæfellsjökulþjóðgarðs, og

Eva Dögg Einarsdóttir, yfirlandvörður, tóku á móti nemendum við uppsetningu sýningarinnar og fræddu þau um jökla. Sýningin mun standa í nokkrar vikur og er hún opin fyrir öllum, íbúar og gestir eru hvattir til að líta við í Þjóðgarðsmiðstöðinni og skoða verk nemendanna.

SJ

Leikskólakennari óskast

Leikskóli Snæfellsbæjar auglýsir lausa stöðu leikskólakennara á Kríubóli. Um er að ræða 100% stöðu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf kennara, lög nr. 95/2019 og/eða leikskólakennararéttindi

Fáist ekki menntaður leikskólakennari eða einstaklingur með aðra uppeldismenntun og/eða reynslu kemur til greina að ráða leiðbeinendur tímabundið.


Viðkomandi þarf að búa yfir:

- Góðri íslenskukunnáttu
- Áhuga, reynslu og hæfni í starfi með börnum
- Góðum samskiptahæfileikum
- Jákvæðni, frumkvæði og góðum samstarfsvilja
- Góðri færni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum
- Hreinu sakavottorði

Umsóknarfrestur til 11. apríl 2025.

Nánari upplýsingar veitir Hermína K. Lárusdóttir, leikskólastjóri, og Linda Rut Svansdóttir, aðstoðarleikskólastjóri, í síma 433 6926 eða á netfanginu leikskolar@snb.is.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Snæfellsbæjar á heimasíðu Snæfellsbæjar.



Æfingar í sjóbjörgun

Síðastliðna helgi sátu sex félagar Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar námskeiðið Áhafnir björgunarskipa sem kennt var á Rífi. Á námskeiðinu fær áhöfnin kennslu á búnaði um borð í Björgunarskipinu Björgu. Var þeim meðal annars kennt á sjódælur, slökkvibúnað, að vinna með hýfingargálga, að taka mann úr sjó og að taka bát í tog og utan á síðuna. Þetta er þriðja námskeiðið sem er haldið eftir að nýja Björgin kom í október en skipstjórar og vélstjórmenntaðir félagar sveitarinnar sátu einnig tvö námskeið af Stjórnendur björgunarskipa. Á því námskeiði var meðal annars kennt leit og björgun á sjó, áhættumat, vettvangsstjórnun, stjórn tök og hæfni á nýja skipinu.

Nú hafa því 12 félagar Lífsbjargar setið Stjórnendur björgunarskipa, 15 félagar setið Áhafnir björgunarskipa, 6 sótt grunnnámskeið Slysavarnarskóla sjómanna og 3 félagar sótt endurmenntun Slysavarnarskóla sjómanna.

Félagar Lífsbjargar vinna hörðum höndum við að afla sér þekkingar og reynslu á nýja skipinu en mikil ánægja er með getu skipsins og vinnuáðstöðu. Sjálfboðaliðarnir eru fullir tilhlökkunar fyrir áframhaldandi æfingum og þjálfun um borð í nýja skipinu en með stöðugri fræðslu og endurmenntun eykst öryggi sjófarenda á svæðinu til muna. Meðfylgjandi mynd er frá Björgunarsveitinni Lífsbjörgu.

JS



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Hækkun veiðigjalda boðuð

Mikil umræða hefur skapast í samfélaginu eftir að ríkisstjórnin gaf út drög að breytingum á lögum um veiðigjöld, þar kemur fram að tvöfalda á veiðigjöld frá því sem nú er.

Veiðigjöld ársins 2024 námu samtals rúmlega 10,25 milljörðum, af því kom rúmlega milljarður frá fyrirtækjum af Snæfellsnesi. Megnið af þeim veiðigjöldum komu frá fyrirtækjum í Snæfellsbæ eða um 750 milljónir, Hraðfrystihús Hellissands og tengd félög greiddu tæpar 152 milljónir en í öðru sæti var KG fiskverkun og tengd félög með 127,7 milljónir og í því þriðja var Bárður SH með tæpar 127 milljónir.

Frekari upplýsingar um einstaka útgerðir eða landsvæði má finna á gagnasíðu Fiskistofu en með því að lesa QR kóðan sem fylgir þá opnast sú síða.



Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi gaf á dögunum út nýja Glefsu sem ber nafnið Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga. Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi réðust í útreikninga á því hvaða sveitarfélög á Vesturlandi væru háðust sjávarútvegi eftir að ríkisstjórnin boðaði til breytinga á útreikningum veiðigjalds. Samkvæmt áætlunum mun veiðigjaldið tvöfaldast, úr 10 milljörðum í 20 milljarða króna á ári miðað við forsendur síðasta álagningarárs, 2024. SSV skoðaði hve stór hluti af útsvarsgrunni sveitarfélögin væru að sækja til sjávarútvegs en Hagstofa Íslands gefur reglulega út tölur yfir staðgreiðsluskyldar launagreiðslur þar sem hægt er að brjóta tölurnar niður eftir flokkum, meðal annars atvinnugreinum. Útsvarstekjur eru lang stærsti tekjustofn sveitarfélaga eða um 60% á móti fasteignaskatti, jöfnunarsjóði, þjónustutekjum og öðrum tekjum. Í ljós kom að þrjú fjölmennustu sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru verulega háð sjávarútvegi þegar árið 2024 er lagt til grundvallar þar sem 50% af útsvarsgrunni Snæfellsbæjar byggir á þeirri atvinnugrein, 40% í Grundarfjarðarbæ og 15% í Sveitarfélaginu Stykkishólmi. Bæði

vægi greinarinnar og röðin meðal íslenskra sveitarfélaga breyttist ekki mikið þó svo lengra tímabil væri reiknað með sama hætti eða árin 2016 til 2024. Athygli vekur samt að Grundarfjarðarbær er háðari vinnslu en Snæfellsbær á meðan veiðarnar vigta þyngra í Snæfellsbæ. Sjávarútvegur hafði mest vægi í Kaldrananeshreppi og Snæfellsbæ á öllu landinu þegar vægi veiða og vinnslu voru lögð saman. Það skal þó tekið fram að ekki var gerð tilraun til að meta áhrifin á sjávarútveg eftir útgerðarflokkum, með tilliti til stærðar og fleira þess háttar. Eingöngu var skoðað vægi greinarinnar í heild séð eftir sveitarfélögum og sömuleiðis eru bara tölur frá lögaðilum í skoðuninni en ekki einstaklingum sem gera upp sinn rekstur á eigin kennitölu. Það gefur tilefni

til að halda að tölurnar gefi verri mynd af fámennari sveitarfélögum en þeim fjölmennari. Þá má búast við að fiskveiðar séu vanmetnari en fiskvinnsla þar sem smábátasjómenn eru oft einyrkjar. Vakin skal athygli á því að hlutfall smábátasjómanna er mjög hátt í Snæfellsbæ og eitt það hæsta á landinu. Það er því viðbúið að hlutfall Snæfellsbæjar í fiskveiðum sé vanmetið þrátt fyrir að vera hátt. Á meðfylgjandi mynd er hluti töflu úr Glefsunni sem sjá má vægi í útsvarsgrunni sveitarfélaga árið 2024. Listað er upp vægi fiskveiða og fiskvinnslu en töflunni er raðað eftir vægi fiskveiða. Á vefsíðu SSV má finna Glefsuna í heild sinni en þar er nánari útlistun á sveitarfélögum auk töflu sem raðað er eftir vægi fiskvinnslu.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátapjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Tafla 1. Vægi sjávarútvegs í útsvarsgrunni sveitarfélaga 2024. Raðað eftir vægi fiskveiða. Byggir á gögnum Hagstofu Íslands

Sveitarfélag (af Vesturlandi feitletruð)	Fiskveiðar	Fiskvinnsla
Snæfellsbær	35,7%	13,7%
Kaldrananeshreppur	34,6%	15,0%
Sveitarfélagið Skagaströnd	30,8%	1,1%
Grýtubakkahreppur	23,1%	16,6%
Grundarfjarðarbær	19,3%	19,3%
Vestmannaeyjabær	18,7%	12,4%
Fjallabyggð	17,6%	5,4%
Bolungarvíkurkaupstaður	16,9%	17,7%
Langanesbyggð	16,0%	28,2%
Dalvíkurbyggð	13,6%	20,4%
Fjarðabyggð	13,6%	10,4%
Grindavíkurbær	13,4%	15,7%
Sveitarfélagið Hornafjörður	11,8%	12,1%
Sveitarfélagið Stykkishólmur	11,8%	3,9%
Súðavíkurhreppur	11,0%	10,5%
Vesturbyggð	10,1%	9,0%
Ísafjarðarbær	9,1%	11,9%
Strandabyggð	8,7%	3,1%
Hörgársveit	6,7%	1,8%
Tjörneshreppur	6,5%	1,8%
Skagafjörður	6,5%	6,0%
Akureyrarbær	6,1%	2,0%
Múlaþing	5,8%	2,0%
Árneshreppur	5,3%	0,0%
Hónaþing	5,1%	0,3%
Vopnafjarðarhreppur	5,1%	31,4%
Norðurþing	5,1%	3,7%
Reykholahreppur	4,9%	2,5%
Svalbarðsstrandahreppur	4,8%	0,9%
Eyjafjarðarsveit	4,1%	1,0%
Hvallfjarðarsveit	3,8%	0,8%
Akraneskaupstaður	3,7%	2,6%
Sveitarfélagið Ölfus	3,5%	7,0%
Suðurnesjabær	3,2%	10,4%
Sveitarfélagið Árborg	3,1%	0,4%
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	3,0%	0,0%
Meðaltal	2,8%	2,0%
Dalabyggð	2,8%	1,3%
Hveragerðisbær	2,6%	0,2%
Sveitarfélagið Vogar	2,4%	2,9%
Þingeyjarsveit	2,3%	2,8%
Reykjanesbær	2,2%	2,3%
Ásahreppur	2,2%	0,2%
Eyja- og Miklaholtshreppur	1,8%	16,9%
Hónaþing vestra	1,7%	2,2%

Netarallinu að ljúka

Netarall Hafrannsóknarstofnunnar er hafið og eru líkt og áður fimm bátar á rallinu. Netarallið er árlegt verkefni en markmiðið er að safna upplýsingum um lengdar- og þyngdasamsetningu, kynþroska og vöxt eftir aldri á helstu hrygningarsvæðum þorsks. Sömuleiðis á að meta árlegt magn kynþroska þorsks sem fæst í þorskanet á hrygningarstöðvum og meta breytingar í gengd hrygningarþorsks á mismunandi svæðum.

Magnús SH og Saxhamar SH hafa lengi vel tekið þátt í rallinu en Magnús SH sér um að skoða Breiðafjörðinn og Saxhamar SH er í Faxaflóanum og skoðar svæðið utan Sandgerðis áleiðis að Reykjanesvita og þar út með.

Um 45-60 trossur eru lagðar á hverju svæði og er þeim dreift innan svæða á helstu hrygningarslóðir þorsks. Á hverju svæði er helmingur lagður í fyrirfram ákveðna punkta, svokallaðar fastar stöðvar en hinn helmingurinn er lausar stöðvar sem skipstjórar ákveða hvar skulu lagðar.

Allir fimm bátarnir eru í nokkuð góðri veiði en eftir níu róðra var Magnús HS kominn með 279 tonn af slægðum afla. Á sama tíma var Saxhamar að ná yfir 200 tonn í tíu róðrum og einn róður eftir.

Netarallinu lýkur núna 10. apríl og mun úrvinnsla gagna fara af stað í framhaldi af því.

SJ

Aðstoðarmaður forstöðumanns

Snæfellsbær óskar eftir að ráða aðstoðarmann forstöðumanns á Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar.

Um er að ræða framtíðarstarf, 50% stöðugildi á dagvinnutíma.

Viðkomandi þarf að búa yfir:

- Góðri íslenskukunnáttu
- Áhuga, reynslu og hæfni í starfi á hjúkrunarheimili
- Jákvæðni, frumkvæði og góðum samstarfsvilja
- Góðri færni í mannlegum samskiptum
- Góðri tölvukunnáttu
- Sjálfstæðum og skipulögðum vinnubrögðum
- Hreinu sakavottorði

Umsóknarfrestur til 4. maí 2025.

Laun eru greidd skv. kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kjalar stéttarfélags.

Forstöðumaður áskilur sér rétt til að ráða hvern sem er eða hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Erla Sveinsdóttir, forstöðumaður Jaðars, í síma 865 1525 eða á netfanginu sigrunerla@snb.is.

Sótt er um starfið á ráðningarvef Snæfellsbæjar á heimasíðu Snæfellsbæjar.



Styrktardagur í CF Snb

Í tilefni af Mottumars bauð crossfitstöðin CF Snb til styrktardags laugardaginn 28. mars síðastliðinn. Tvær æfingar voru í boði í stöðinni þann daginn, Barre

burn sem er styrktartími í heitum sal og Partner wod sem er paraæfing og kostaði 1.000 krónur í tímanum í tilefni dagsins. Með deginum vildu Kristfríður Rós Stefáns-

dóttir og Jón Steinar Ólafsson, eigendur stöðvarinnar, ásamt iðkendum láta gott af sér leiða með hreyfingu. Áhersla Mottumars í ár var á tengingu á milli lífstíls og krabbameins og vildi Krabbameinsfélagið vekja athygli á því að bæði óheilbrigðar og heilbrigðar lífsvenjur verða til á löngum tíma. Það er margt hægt að gera til að draga út líkum á krabbameini, meðal annars að hreyfa sig reglulega, borða heilsusamlegan mat, reykja hvorki né nota tóbak, tak-

marka áfengisneyslu eða sleppa henni, viðhalda hæfilegri líkamsþyngd og vernda húðina fyrir skaðlegum geislum sólarinnar. Crossfitstöðin hvatti því fólk til að mæta þennan dag, hreyfa sig og styrkja í leiðinni gott mál efni. Allur ágóði styrktardagsins rann óskertur til Krabbameinsfélags Snæfellsness en góð mæting var í báða tímuna og söfnuðust 45.000 krónur.

SJ

FERMINGARSKEYTI



Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun í ár, eins og undanfarin ár, bjóða upp á fermingarskeyti.

Fermt verður í Ingjaldshólskirkju 17. apríl og Ólafsvíkurkirkju 8. júní.

hægt verður að nálgast skeytapöntunarblöð í Kassanum og á Facebook-síðu Lionsklúbbs Ólafsvíkur frá og með föstudeginum 11. mars.

Í Kassanum verður hægt að skila skeytapöntunum en að auki er hægt að senda skeytapöntun í tölvupósti á bjossi@hampidjan.is.



Ævintýri nemenda FSN sem fóru í skiptinám

Tveir nemendur FSN fóru í skiptinám á vegum AFS á Íslandi í upphafi síðustu annar, það voru þau Eyþór Júlíus Hlynsson og Ólöf

Harpa Aðalsteinsdóttir. Við tókum þau í viðtal til að fá að skyggast inn upplifun þeirra og lærdóm af því að fara erlendis í skiptinám.



Eyþór Júlíus;

Hvert fórst þú í skiptinám og hversu lengi?

Ég fór til Slóvakíu í þrjá mánuði.

Hvað hét bærinn og hvar er hann staðsettur?

Ég var í bæ sem heitir Vráble. Vráble er í suð-vestur Slóvakíu.

Hvað heitir skólinn sem þú varst í? Hversu margir nemendur eru í honum ca?

Skólinn sem ég fór í heitir Gymnázium Vráble, það voru ca. 75-150 nemendur í skólanum.

Hvernig var host-fjölskyldan þín samsett? Hvernig var upplifunin þín að vera hjá fjölskyldunni?

Host-fjölskyldan mín var saman sett af föður, móður og tveim drengjum. Mín upplifun var frábær með þeim, þau voru alltaf að sýna mér nýja hluti á meðan ég var í skiptináminu.

Hvað fannst þér áhugaverðast við skólann - hvernig var hann frábrugðinn FSN?

Það sem var áhugaverðast var hvernig tímarnir voru. Í tíma voru kennararnir að tala allan tímann og nemendur glósuðu. Það voru líka fastar stofur á hvern bekk og pásurnar voru mjög stuttar milli tíma, en það gerði skóladaginn mikiloð styttri og voru þeir yfirleitt ekki lengri en fram að hádegis.

Lærðir þú tungumálið?

Ég lærði meiri af tungumálinu en ég bjóst við en ekki nóg til að taka þátt í samræður.

Hvað fannst þér standa upp úr eftir dvölinna?

Ég er með betri sjálfsmýnd, meiri sjálfstraust og ég hef þroskast mikiloð.

Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Slóvakía er ofboðslega fagurt land með fullt af kastölum og kirkjum sem ég mæli með að skoða.



Ólöf Harpa;

Hvert fórst þú í skiptinám og hversu lengi?

Ég fór í skiptinám til Ungverjalands og var í 5 mánuði (fór út í enda ágúst 2024 og kom heim í enda janúar 2025).

Hvað hét bærinn og hvar er hann staðsettur?

Ég bjó í bæ sem heitir Veszprém sem er staðsettur suð-vestur af Búdapest og er 15 km frá Balaton vatninu.

Hvað heitir skólinn sem þú varst í? Hversu margir nemendur eru í honum ca?

Ég fór í skólann Vetési Albert Gimnázium, það eru rúmlega 600-700 nemendur í honum.

Hvernig var host-fjölskyldan þín samsett? Hvernig var upplifunin þín að vera hjá fjölskyldunni?

Host-fjölskyldan mín var mjög góð, ég var með host-mömmu, pabba og fjögur host-systkini. Upplifunin mín hjá host-fjölskyldunni var mjög skemmtileg og lærdómsrík, það voru hlutir sem við vorum ósamála um eins og t.d. að fara út með blautt hár eða fara ekki alltaf í sokka eftir sturtu. Annars voru þau mjög skemmtileg og góð við mig, þau sýndu mér hluti sem ég hafði aldrei heyrt um, við ferðuðumst um önnur lönd og sáu skemmtilega hluti. Þau vöru dugleg að taka mig með og varð ég hluti að fjölskyldu þeirra.

Hvað fannst þér áhugaverðast við skólann - hvernig var hann frábrugðinn FSN?

Það sem mér fannst áhugaverðast við skólann er að hann var meira eins og grunnskóli en framhalds-

skóli fyrir mér. Það voru tölvuherbergi og það voru einu tímarnir sem þú þurftir að nota tölvu til að læra í, en í hinum tímunum varstu með skólabækur og það var allt lærdóms-efnið þitt. Það sem var frábrugðið honum við FSN er að þú fékkst heimavinnu fyrir daginn en þurftir ekki að skila því til kennara, kennarar treystu bara á þig að læra heima hjá þér fyrir næsta tíma. Það voru aldrei nein sérstök skil á föstudögum, þar sem það voru engin verk-efni nema heimavinna sem enginn fór yfir. Aðra hverja viku voru próf og þannig fékkstu einkunnir fyrir áfangann.

Lærðir þú tungumálið?

Ég lærði grunnatriðin í tungumálinu, ég get heilsað upp á fólk og látið afgreiða mig í verslunum. Fyrir utan það get ég ekki átt samræður á Ungversku.

Hvað fannst þér standa upp úr eftir dvölinna?

Það sem mér fannst standa mest upp úr við dvöl mína eftir að ég kom heim er að það var svo mun meira hægt að gera þar. Á hverri helgi fór ég út með vinum mínum og vorum við bara að hanga saman, hvort sem það var að fara út að labba að saman á veitingastað. Það er líka það helsta sem ég sakna við það að vera úti er að fara út um helgar og eyða tíma með vinum mínum.

Annað?

Ég er mjög þakklát fyrir að hafa farið í þetta skiptinám og hvernig allir í kringum mig voru stuðningsfullir og hvöttu mig áfram til að gera þetta.



Sími: 430 3700
www.fmis.is



Facebook icon Jökull Bæjarblað
Email icon steinprent@simnet.is
Phone icon 436 1617



Örstyrkir til menningar- verkefna í Snæfellsbæ

Menningarnefnd Snæfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um örstyrki til menningarverkefna í Snæfellsbæ..

Veittir verða styrkir til tónleikahalds, listasýninga, útgáfu eða annarra verkefna sem styðja við lista- og menningarstarf í Snæfellsbæ, íbúum til heilla.

Umsóknir sendist á netfangið menningarnefnd@snb.is.

Umsóknarfrestur er til 1. maí 2025.



TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU - stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 14. - 31. júlí 2025

Allar upplýsingar veita

Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

854 2211 - jon@malbikun.is

Týsnes 4, Akureyri - Malbikun.is

Árshátíðir GSNB

Nemendur Grunnskóla Snæfellsbæjar hafa síðustu vikurnar haldið þrjár árshátíðir. Árshátíð Lýsudeildar var haldin 28. mars og léku nemendur í leik- og grunnskólanum nokkur leikatriði. Fimmtudaginn 3. apríl setti miðstigið sem er kennt í starfstöðinni í Ólafsvík upp leikritið Mamma klikk og þriðjudaginn 8. apríl setti yngsta stigið sem kennt er á Hellissandi upp leikritið Dýrin

í hálsaskógi. Allar árshátíðirnar tókust mjög vel með góðum leik þar sem nemendur lögðu sig fram við að gera sitt besta. Nemendur bjuggu til sviðsmynd, lærðu texta, komu fram á sviði og unnu saman í hóp en viðburðir sem þessu eru menntandi og eiga allir sem komu að undirbúningi og framkvæmd hrós skilið.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111



Sumarstörf

Fjölbreytt og uppbyggileg sumarstörf fyrir ungmenni hjá Snæfellsbæ.

Snæfellsbær leitar að drífandi einstaklingum 18 ára og eldri til starfa við fjölbreytta og skemmtilega útivinnu í sumar sem hefur það að leiðarljósi að fegra umhverfi Snæfellsbæjar. Um er að ræða hvort tveggja almenna útivinnu við Áhaldahús Snæfellsbæjar og flokkstjórn vinnuskólahópa.

Almennar kröfur fyrir sumurvinnu:

- 100% störf í þrjá mánuði, frá 15. maí 2025.
- Umsækjendur þurfa að vera 18 ára eða eldri.
- Umsækjendur þurfa að vera duglegir, áhugasamir um útivinnu, tilbakslausir, sjálfstæðir og góðar fyrirmyndir.
- Þekking á staðháttum í sveitarfélaginu er æskileg.

Umfram kröfur vegna flokkstjóra:

- Umsækjendur þurfa að vera færir um að stýra vinnuskólahópi og hafa áhuga á að vinna með og fræða ungmenni.
- Góð færni í íslensku.

Umsóknarfrestur er til 29. apríl 2025. Ekki er tekið við umsóknum að umsóknarfresti liðnum. Umsóknir berist í gegnum ráðningarvef Snæfellsbæjar á snb.is.

